

Vinnslustöðin hf.
Stefán Friðriksson
Hafnargötu 2
900 Vestmannaeyjar

2002010019
8000; 9310

Reykjavík, 25. janúar 2002
/--

**Efni: Afkastaaukning fiskimjölsverksmiðju Vinnslustöðvarinnar hf, Vestmannaeyjum.
Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Vinnslustöðvarinnar hf. dags. 21. desember og móttakið 2. janúar 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt afkastaaukning fiskimjölsverksmiðju Vinnslustöðvarinnar hf, Vestmannaeyjum samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Vestmannaeyjabæjar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Hollustuverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá Vestmannaeyjabæ með bréfi dags 23. janúar 2002, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 25. janúar 2002 og Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 11. janúar 2002. Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 22. janúar 2002.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér fjölgun þurrkara í verksmiðjusal núverandi fiskimjölsverksmiðju úr tveimur í þrjá og einnig verður bætt við fjórða gufukatlinum. Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka afköst verksmiðjunnar um allt að 300 tonn á sólarhring. Í gildandi starfsleyfi er gert ráð fyrir 1000 tonna framleiðslu á sólarhring en að jafnaði eru brædd um 850 tonn á sólarhring yfir vetrarvertíðina. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin eigi ekki að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé fyrirhuguð stækkun á húsnæði verksmiðjunnar vegna nýs þurrkara en gert sé ráð fyrir nýju ketilhúsi vegna gufuketils sem staðsett verði í porti við verksmiðju austan við núverandi ketilhús. Við það að bæta við þurrkara aukist afköstin um allt að 300 tonn á sólarhring og gætu við bestu aðstæður orðið allt að 1200 tonn af hráefni á sólarhring. Ávinningur af fyrirhugaðri stækkun sé tvíþættur; annars

vegar verði hráefnið unnið ferskara og þar af leiðandi verði nýting þess betri og hins vegar verði mögulegt með nýjum þurrkara að bæta gæði og verðmæti framleiðslunnar með því að framleiða svokallað LT-mjöl sem sé talsvert verðmætara en það mjöl sem unnt sé að framleiða með núverandi tækjakosti. Þá verði aukið samræmi í afkastagetu verksmiðjunnar og loðnufrystingu og loðnuhrognatöku hjá fyrirtækinu og með auknum afköstum styttist bræðslutími og ónæði af völdum rekstrar minnkar. Fram kemur að núverandi mengunarvarnir hvað varðar loftræstingu, útblástur, vinnslu blóðvatns og soðvatns og förgun kælivatns svo og allar mælingar á hráefnissgæðum séu í samræmi við gildandi starfsleyfi en fyrirhugað sé að setja upp fitugildru á næstu árum enda hafi Hollustuvernd ríkisins sett þau skilyrði fyrir starfsemi að fitugildra verði tekin í notkun eigi síðar en árið 2005. Fram kemur að við þær breytingar á rekstri sem fyrirhugaðar séu sé gert ráð fyrir að mengun vegna vinnslunnar muni frekar minnka en aukast.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum Vestmanneyjarbæjar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram að áhrif starfseminnar á umhverfi séu frárennsli frá löndun og vinnslu og útblástur frá þurrkurum. Fram kemur að núgildandi starfsleyfi fyrirtækisins renni út 16. febrúar næstkomandi en að fyrirtækið hafi sótt um endurnýjun á starfsleyfi til Hollustuverndar ríkisins með áður nefndri stækkun. Í núverandi starfsleyfi fyrirtækisins sé ákvæði um mengunarvarnir og sé bæði krafist fituskilju á frárennsli verksmiðjunnar og lyktheyðingarbúnaðar á útblástur. Þegar nýtt starfsleyfi verði gefið út til fyrirtækisins verði gerð krafa um að mengunarvarnarbúnaður verði stækkaður í samræmi við aukningu afkasta. Í tilkynningu Vinnslustöðvarinnar komi fram að bætt verði við gufukatli sem einnig þjóni sem lyktheyðingarbúnaður. Á misskilningi sé byggt að Hollustuvernd gefi fyrirtækinu frest til ársins 2005 til að ljúka uppsetningu fituskilju heldur á fyrirtækið að uppfylla það samkvæmt núverandi starfsleyfi en frestur verði gefinn til loka þessa árs til að ljúka framkvæmdum við hana. Í starfsleyfinu sé einnig ákvæði um lekavarnarþró utan um lýsisgeyma. Gerð verður krafa um að framkvæmdum við þróna ljúki fyrir lok þessa árs.

Hollustuvernd ríkisins telur ekki að umrædd stækkun muni leiða til umtalsverðrar aukinnar mengunar frá fyrirtækinu þar sem afköst mengunarvarnarbúnaðar verði augin í samræmi við það. Hollustuvernd ríkisins telur því ekki að umrædd framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Við vinnslu bræðslufisks berst oft mikið hráefni til verksmiðja á stuttum tíma en hlé verða á milli t.d. vegna veðurs. Mikilvægt sé því að hægt verði að ljúka vinnslu aflans sem fyrst þannig að ekki sé verið að vinna skemmt hráefni sem veldur aukinni mengun. Sú aukning vinnslugetu sem sótt sé um auki einnig gæði framleiðslunnar og ýti undir að vandað sé til hráefnis.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í umsögn Hollustuverndar ríkisins sé réttilega sagt að um sé að ræða misskilning forráðamanna Vinnslustöðvarinnar um að félaginu sé veittur frestur til ársins 2005 til að koma upp fituskilju. Hins vegar hafi Vinnslustöðin m.a. gert athugasemdir við drög Hollustuverndar ríkisins að starfsleyfi sem varði þann frest sem gefinn

sé til að koma upp fitugildru og talið að félagið þurfi e.t.v. lengri tíma en til ársloka 2002.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða framkvæmd sem leiðir til afkastaaukningar í vinnslu fiskimjölsverksmiðju Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum um 300 tonn á sólarhring. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Með fyrirhuguðum framkvæmdum mun hráefni til bræðslu verða ferskara og framleiðslutími mun stytast. Minni líkur eru á því að unnið verði skemmt hráefni sem valdi aukinni mengun. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd muni ekki hafa í för með sér umtalsverða aukningu mengunar, hvorki frá frárennsli né útblæstri, verði afköst mengunarvarnarbúnaðar aukin í samræmi við fyrirhugaða afkastaaukningu, m.a. verði sett upp fitugildra og komið fyrir lekavarnarþró utan um lýsisgeyma innan þess frests sem Hollustuvernd ríkisins tilskilur og mengunarvarnir verði að öðru leyti í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að afkastaaukning fiskimjölsverksmiðju Vinnslustöðvarinnar hf, Vestmannaeyjum um 300 tonn á sólarhring sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að bygging nýs ketilhúss er háð byggingarleyfi Vestmannaeyjabæjar samkvæmt 43. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 26. febrúar 2002.

Stefán Thors

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Vestmannaeyjabær, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Hollustuvernd ríkisins

